

Alþingi
Erindi nr. P 143/1221
komudagur 10.3.2014

From: Brynjar Ingason <Brynjar@kampi.is>

Date: 10. mars 2014 18:40:02 GMT

Subject: Atvinnuveganefnd - Vegna Þingskjal 178 - 153 mál - Breyting á lögum um stjórn fiskveiða -

Ágæti viðtakandi.

Ég var að skoða nýjustu innsendu umsagnir, upplýsingar og athugasemdir vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (hlutdeildarsetning úthafs-rækju) og rak þá augun upplýsingar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem var móttækin 3. mars sl og sem er hér í viðhengi. Ég er ekki að átta mig á því hvaða upplýsingar þetta á að gefa eða hver beiðnin er á bakvið þessar upplýsingar en mér sýnist þessi framsetning geta valdið misskilningi eða hreinlega blekkt fólk. Þar kemur að vísu fram hversu mikið var landað af úthafs-rækju á Ísafirði fiskveiðarárið 2012-2013 en þetta segir ekkert til um það hvesu mikið af úthafs-rækju var unnið á Ísafirði né heldur hversu mikill heildaraflí viðskiptabáta Kampa ehf var á þessu fiskveiðarári.

Ástæðan er sú að viðskiptabátar Kampa ehf landa yfirleitt í þeim löndunarhöfnum sem næstar eru veiðistað til að spara þann tíma sem það annars tæki bátana að sigla með aflann til Ísafjarðar og aftur á miðin, sem tæki 2 – 3 sólahringa. Þetta var líka meðvituð ákvörðun útgerðanna að gera þetta svona á þessum tíma þau þrjú fiskveiðarár sem veiðar voru frjálssar því þá gætu bátarnir haldið sig betur að veiðunum og áunnið sér frekari veiðireynslu. Þetta þýðir að einungis hluti þeirrar rækju sem veidd er við Ísland og unnin hjá Kampa ehf er landað á Ísafirði. Helstu löndunarhafnirnar fyrir utan Ísafjörð eru Grundarfjörður, Ólafsvík, Reykjavík, Patreksfjörður, Dalvík og Húsavík.

Það er nauðsynlegt að öll gögn sem eiga að vera til upplýsingar varðandi þetta mál séu rétt og bjóði ekki uppá misskilning eða blekkingar og hef ég því útbúið meðfylgjandi skjal sem er einnig í viðhenginu:

1. Tafla 1 er unnin útfrá skjalinu frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og sýnir hversu mikið af þeim afla sem landað var á Ísafirði kom til vinnslu hjá Kampa ehf fiskveiðarárið 2012-2013. Ennfremur hversu mikinn afla þessir bátar sem lögðu upp hjá Kampa veiddu af úthafs-rækju á fiskveiðarárinu, hversu mikið af því var veitt innan íslenskrar landhelgi og hversu mikið af aflanum veiddum innan íslenskrar landhelgi kom til vinnslu hjá Kampa ehf.
2. Tafla 2 sýnir annars vegar veiðar íslenskra skipa/báta innan íslenskrar landhelgi sem verið hafa í föstum viðskiptum við Kampa ehf sl þrjú fiskveiðarár og annarra skipa/báta sem Kampi hefur keypt hráefni af en voru ekki í föstum viðskiptum á sama tímabili.

Á þessum upplýsingum frá ráðuneytinu kemur fram að 1.755 tonnum af úthafs-rækju var landað á Ísafirði fiskveiðarárið 2012-2013 en ekki er gerður greinamunur í þessum upplýsingum um er að ræða úthafs-rækju sem veidd var innan eða utan íslenskrar

landhelgi. Af þessum 1.755 tonnum sem landað var komu 1.158 tonn til vinnslu hjá Kampa ehf, allt veitt innan íslenskrar landhelgi. Alls vann Kampi ehf þetta fiskveiðiár úr 2.427 tonnum af úthafsækju veiddri innan landhelgi og var 48% aflans landað á Ísafirði en 52% landað í einhverjum öðrum ofangreindum höfnum og aflanum keyrt frá þeim stöðum til vinnslu á Ísafirði.

Þá vil ég áréttta það að aðkoma Kampa ehf að þessu máli hefur verið að standa á bakvið útgerðir viðskiptabáta sinna í viðleitni þeirra að tryggja sér þau veiðiréttindi sem þeir hafa áunnið sér með því að stunda rækjuveiðar þau þrjú heilu fiskveiðiár sem veiðar voru frjálsar. Það gerir Kampi m.a í þeirri von að útgerðirnar sjái sér áfram hag í því að leggja upp hjá Kampa fái þær aflahlutdeildir og sjái sér áfram hag í því að gera út á rækjuveiðar. Kampi ehf hefur í sjálfu sér enga tryggingu fyrir því að þessar útgerðir haldi viðskiptum sínum áfram við Kampa þó að þær öðlist einhverja aflahlutdeild þar sem viðskipti Kampa við þessar útgerðir hafa einungis verið á viðskiptalegum forsendum. En eins og margoft hefur áður komið fram þá óttast stjórnendur Kampa ehf afleiðingarnar fyrir fyrirtækið og starfsfólk þess ef þessar útgerðir eða aðrar útgerðir geta ekki lengur stundað úthafsækjuveiðar ef niðurstaða frumvarpsins og laga verður þeim óhagstæð.

Þá vil ég einnig koma því á framfæri að Byggðastofnun er ekki hluthafi í Kampa ehf. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta er sú að ég hef heyrt utan af mér ýmsar sögur sem komið hafa fram í umræðum í tengslum við þetta frumvarp sem „spyrða“ Kampa og Byggðastofnun saman vegna eignatengsla. Hið rétta er að Byggðastofnun var hluthafi í Kampa ehf en Kampi keypti Byggðastofnun út samkvæmt samkomulagi frá því í september 2012.

Kveðja / Best regards

Brynjar Ingason
Kampi ehf
Sindragötu 1
400 Ísafjörður - Iceland
Tel. +354 450 4000
Fax +354 450 4019

Tafla 1.

Rækjuafli viðskiptabáta Kampa ehf innan íslenskrar landhelgi fiskveiðirárið 2012-2013.

Afli úr Kolluál meðtalinn.

		Úthafsækju landað á Ísafirði 2012/2013 skv ráðuneyti	Þar af til vinnslu hjá Kampa	Heildarafli viðsk.báta Kampa í úthafsækju 2012/2103	Þar af veitt innan ísl. Landhelgi	Úthafsækja veidd innan ísl.landhelgi til vinnslu hjá Kampa
67	Hera	18.424	18.424	247.567	247.567	247.567
78	Ísborg	96.562	96.562	210.731	210.731	210.731
182	Vestri	44.639	44.639	239.821	222.006	222.006
1056	Arnar	41.839	33.177	203.632	203.632	65.705
1327	Gunnbjörn	281.727	281.727	715.830	715.830	715.830
1403	Halldor Sig	639	639	639	639	639
1440	Valur	701	701	701	701	701
1543	Gunnvör	942	942	942	942	942
1611	Eiður	2.343	2.343	5.600	5.600	5.600
1686	Valbjörn	67.383	67.383	309.943	309.943	309.943
1968	Aldan	1.413	1.413	36.981	36.981	36.981
2276	Ísbjörn	971.220	609.375	1.063.187	872.976	609.375
2463	Matthías	852	852	852	852	852
2770	Brimnes	226.842	0			
	Samtals:	1.755.526	1.158.177	3.036.426	2.828.400	2.426.872

2770 – Brimnes landaði engri rækju til vinnslu hjá Kampa ehf og er því ekki talinn með þegar tekinn er saman heildarafli viðskiptabáta Kampa ehf.

Tafla 2:

2.1: Skip/bátar í föstum viðskiptum við Kampa ehf sem landað hafa úthafsækju veiddri innan íslenskrar landhelgi sl. 3 fiskveiðiar.

Afli úr Kolluál meðtalinn.

	2010 - 2011		2011 - 2012		2012 - 2013		Samtals	
	Afli	Til vinnslu há Kampa	Afli	Til vinnslu há Kampa	Afli	Til vinnslu há Kampa	Afli	Til vinnslu há Kampa
67 - Hera	138.905	138.905	367.468	367.468	247.567	247.567	753.940	753.940
78 - Ísborg	221.863	221.863	507.737	507.737	210.731	210.731	940.331	940.331
182 - Vestri					222.006	222.006	222.006	222.006
1327 - Gunnbjörn	815.766	815.766	751.788	751.788	715.830	715.830	2.283.384	2.283.384
1686 - Valbjörn	301.670	301.670	406.955	406.955	309.943	309.943	1.018.568	1.018.568
1968 - Aldan			46.136	46.136	36.981	36.981	83.117	83.117
2276 - Ísbjörn			505.735	337.931	872.976	609.375	1.378.711	947.306
	1.478.204	1.478.204	2.585.819	2.418.015	2.616.034	2.352.433	6.680.057	6.248.652

2.2: Önnur skip/bátar sem landað hafa úthafsækju veiddri innan íslenskrar landhelgi hjá Kampa ehf sl. 3 fiskveiðiar:

	2010 - 2011		2011 - 2012		2012 - 2013		Samtals	
	Afli	Til vinnslu há Kampa	Afli	Til vinnslu há Kampa	Afli	Til vinnslu há Kampa	Afli	Til vinnslu há Kampa
288 - Jökull			137.134	12.166			137.134	12.166
1056 - Arnar			73.481	14.828	203.632	65.705	277.113	80.533
1204 - Jón Gunnl.			164.163	13.837			164.163	13.837
2067 - Frosti	139.953	139.953					139.953	139.953
2770 - Brimnes	389.398	94.390					389.398	94.390
Aðrir			3.068	1.625	8.734	8.734	11.802	10.359
	529.351	234.343	377.846	42.456	212.366	74.439	1.119.563	351.238
Samtals:	2.007.555	1.712.547	2.963.665	2.460.471	2.828.400	2.426.872	7.799.620	6.599.890

Tafla 1: Landanir skipa í úthafsrækjum á Ísafirði fiskv. árið 2012/13

Númer skips	Skip	Id Fisktegund	Id Kvotategund	KvTeg	Fiskveiðiár	Númer hafnar	Afli upp úr sjó
67	Hera	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	18.424
78	Ísborg	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	96.562
182	Vestri	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	44.639
1056	Arnar	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	41.839
1327	Gunnbjörn	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	281.727
1403	Halldór Sigurðsson	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	639
1440	Valur	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	701
1543	Gunnvör	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	942
1611	Eiður	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	2.343
1686	Valbjörn	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	67.383
1968	Aldan	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	1.413
2276	Ísbjörn	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	971.220
2463	Matthías	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	852
2770	Brimnes	41		0 Ekki kvótateguni	1213	73	226.846

Tafla 2: Aflahlutdeild ofangreindra skipa fiskveiðiárið 2009/2010

Númer skips	Skip	Aflahlutdeild	Athugasemdir	Síðast átt hlutdeild
67	Hera	0,056	Fiskv. árið 2009/10	
78	Ísborg	Ekkert úthlutað		0,0133 Fiskv. árið 1998/99
182	Vestri	Ekkert úthlutað		0,1112 Fiskv. árið 2003/04
1056	Arnar	0,004	Fiskv. árið 2009/10	
1327	Gunnbjörn	5,210	Fiskv. árið 2009/10	
1403	Halldór Sigurðsson	Ekkert úthlutað		0,004 Fiskv. árið 2003/04
1440	Valur	9,780	Fiskv. árið 2009/10	
1543	Gunnvör	Ekkert úthlutað		0,2562 Fiskv. árið 2002/03
1611	Eiður	Ekkert úthlutað		
1686	Valbjörn	0,273	Fiskv. árið 2009/10	
1968	Aldan	Ekkert úthlutað		0,0003 Fiskv. árið 1999/2000
2276	Ísbjörn	Ekkert úthlutað		1,759 Fiskv. árið 1997/98
2463	Matthías	0,003	Fiskv. árið 2009/10	
2770	Brimnes	0,092	Fiskv. árið 2009/10	

Tafla 3: Rækja* til vinnslu á Íslandi hjá ofangreindum skipum (sjá töflur 1 og 2) **

	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM	URSJO SUM
LODS_FTEG_LODS_KODI	R/Æ	R/Æ	R/Æ	R/Æ	R/Æ	R/Æ	R/Æ	R/Æ	R/Æ	R/Æ	R/Æ	R/Æ
SOLUSTAT_NUMER	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
SKIP_NR	67	78	182	1056	1327	1403	1440	1543	1611	1686	1968	
HOFN												
19								942				
73	247.564	210.444	239.820	2.379	715.833	53.045	151.738	58.640	93.322	309.940	94.509	
Sum	247.564	210.444	239.820	2.379	715.833	53.045	151.738	59.582	93.322	309.940	94.509	

* Ekki er unt að brjóta rækjuafli niður eftir veiðistofnum.

** Londunarteg not in = 3,4 þýðir að útlíkuð er rækja sem lönduð var frosin til útlutnings Solustatus not in = 2,6 þýðir að endursala er ekki talin með en það þýðir að afli væri tvítalinn

Frea' atvinnu- og vaxt. ræðingarni
 26.7.2014
 153. mál

Alþingi
 Erindi nr. B 143/1176
 komudagur 3.3.2014